

Atvinnuauglýsingar

Veitingasala Bláfjalla

Bláfjöll óska eftir 2 manneskjum í fullt starf í veitingasöluna í vetur og næstu vetra.

Ráðið er í stöðurnar 1. des annarsvegar og 1. janúar hinsvegar.

Staðan sem ráðið verður í 1 des krefst meiri ábyrgðar. Sá aðili þarf að vera orðinn 24 ára, þarf að geta séð um eldamennsku fyrir starfsmenn og leiðbeint og verkefnastýrt starfsmönnum á vakt. Einnig á viðkomandi að geta leyst af við stýringu miðasölu fyrir svæðið.

Staðan sem ráðið er í 1 janúar krefst lágmarksaldurs 20 ára. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, áreiðanlegur og vinnusamur.

Helstu hlutverk eru að sjá um þrif í skála ásamt miðasölu.

Skíðasvæðin er skemmtilegur vinnustaður með háa starfsánægju og mjög góðan starfsanda. Markmið okkar er að halda því þannig.

Lyftuverðir í aukavinnu

Skíðasvæðið höfuðborgarsvæðisins leita eftir starfsmönnum í lyftuvörslu í hlutastarf í vetur. Starfsmenn velja sér sjálfir þá vinnudaga sem þeir geta unnið.

Í boði eru góð tímalaun, matur og skutl til og frá vinnu.

Gerð er krafa um að umsækjendur séu orðnir 18 ára þegar ráðning hefst ásamt því að vera glaðlyndir og hjálpsamir. Þá er einnig gerð krafa að þeir sem sækja um séu tilbúnir að skrá sig til vinnu amk 3 sinnum í viku að jafnaði. 3 skráningar þýða þó ekki endilega 3 opnunardagar. Aukafólk vinnur aðeins á opnunardögum.

Vinnutími er 14:00-21:30 á virkum dögum og 9:20-17:30 um helgar.

Skíðasvæðin er skemmtilegur vinnustaður með háa starfsánægju og mjög góðan starfsanda. Markmið okkar er að halda því þannig.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Árnason framkvæmdastjóri magnus@skidasvaedi.is

Skíðaleiga Bláfjalla

Óskar eftir 1 starfsmanni í tímabundið fullt starf.

Ráðningartími er 1. janúar 2022-30.apríl 2023.

Gerð er krafa um að umsækjendur séu áreiðanlegir og agaðir til sjálfstæðra verka. Lágmarksaldur í stöðuna er 20 ár.

Skíðasvæðin er skemmtilegur vinnustaður með háa starfsánægju og mjög góðan starfsanda. Markmið okkar er að halda því þannig.

Aukafólk í innistörf í Bláfjöllum

Okkur vantar harðduglegt fólk í aukastörf í Bláfjallaskála í vetur. Lágmarksaldur í miða og veitingasölu eru fæðingarárin 2004 og í skíðaleigu 2006. Starfsmenn þurfa að telja sig vera vinnusama, þjónustulundaða og geta skráð sig til vinnu amk 3 sinnum í viku að meðaltali.

Bláfjöll útvega far til og frá vinnu, góð laun, mat og góðan starfsanda.

Umsóknir og nánari upplýsingar sendist á magnus@skidasvaedi.is